



# ÁRSREIkingUR 2010



LANDSPÍTALI  
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

## Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings .....	3
Áritun endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8

## Skýrsla framkvæmdastjórnar Landspítala og staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2010

Landspítali (LSH) starfar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, lögum um réttindi sjúklunga, nr. 74/1997, lækna­lögum nr. 53/1988, hjúkrunarlögum nr. 8/1974, stjórn­­sýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996, lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklunga og alls almennings. Spítalinn hefur þrjú þætti hlutverki að gegna, þ.e. þjónusta við sjúklunga, menntun í heilbrigðisvísindum og rannsóknir. Spítalinn leggur jafnframt áherslu á velferð starfsmanna sinna. Á árinu 2010 störfuðu að meðaltali 4.509 manns á LSH í um 3.648 stöðugildum.

Á árinu 2010 var ársveltan um 40.079 m. kr. Tekjuafgangur var á árinu þar sem rekstrartekjur og ríkisframlag voru 70,8 m. kr. umfram rekstrargjöld. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur ójafnað eigið fé spítalans 2.890 m. kr. í árslok 2010. Eignir spítalans nema 1.708 m. kr. en skuldir nema 4.417 m. kr. Þar af er skuld Landspítala við ríkissjóð 2.538 m. kr. í lok árs.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs staðfesta ársreikning Landspítala fyrir árið 2010 með undirritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

Reykjavík, 04. apríl 2011.



Björn Zoëga  
forstjóri



María Heimisdóttir  
s. framkvæmdastjóri

# Áritun endurskoðenda

Til Landspítala og heilbrigðisráðuneytis.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landspítala fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## **Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## **Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## **Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landspítalans á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 4. apríl 2011.



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.



Brynja Pétursdóttir,  
endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Tekjur</b>			
Þjónustutekjur .....	13	2.344.287	2.400.633
Aðrar tekjur .....	14	966.752	1.111.728
S-merkt lyf, sala til SÍ .....	15	3.623.085	3.681.837
S-merkt lyf, vörunotkun .....	12,15	<u>( 3.542.595)</u>	<u>( 3.600.434)</u>
<b>Tekjur samtals</b>		<u>3.391.529</u>	<u>3.593.764</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	16	25.494.474	26.701.052
Vörunotkun .....	17	5.894.236	6.541.201
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld .....	18	2.882.143	3.454.606
Annar rekstrarkostnaður .....	19	<u>1.027.848</u>	<u>1.010.567</u>
		35.298.701	37.707.426
Stofnkostnaður og endurbætur .....	20	<u>1.188.361</u>	<u>1.019.761</u>
<b>Gjöld samtals</b>	12	<u>36.487.062</u>	<u>38.727.187</u>
Tekjuhalli án fjármagnsliða .....		( 33.095.533)	( 35.133.423)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	21	<u>21.342</u>	<u>( 95.417)</u>
<b>Tekjuhalli fyrir ríkisframlag .....</b>		( 33.074.191)	( 35.228.840)
Ríkisframlag .....	10, 22	<u>33.145.000</u>	<u>33.890.400</u>
<b>Tekjuafgangur ársins</b>	10	<u>70.809</u>	<u>( 1.338.440)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýr.	2010	2009
<b>Áhættufjármunir</b>			
Hlutabréf .....	23	<u>2.500</u>	<u>2.500</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	6, 24	528.208	579.307
Skammtímakröfur .....	7, 25, 26	1.158.224	1.699.435
Handbært fé .....	8	<u>18.981</u>	<u>15.948</u>
Veltufjármunir		<u>1.705.413</u>	<u>2.294.690</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>1.707.913</u></u>	<u><u>2.297.190</u></u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
<b>Höfuðstóll</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		( 2.960.448)	( 1.622.008)
Tekjuafgangur ársins .....		<u>70.809</u>	( 1.338.440)
Ójafnað eigið fé	10	<u>( 2.889.639)</u>	<u>( 2.960.448)</u>
<b>Annað eigið fé</b>			
Framlag til eignamyndunar .....		<u>180.494</u>	<u>180.494</u>
Annað eigið fé		<u>180.494</u>	<u>180.494</u>
Eigið fé samtals		<u>( 2.709.145)</u>	<u>( 2.779.954)</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ríkissjóður .....	27	2.537.602	1.476.965
Viðskiptaskuldir .....	11, 28	<u>1.879.457</u>	<u>3.600.179</u>
Skammtímaskuldir		<u>4.417.059</u>	<u>5.077.144</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>1.707.913</u></u>	<u><u>2.297.190</u></u>
Eignir utan efnahagsreiknings .....	31		
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings .....	32		

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2010

<b>Rekstrarhreyfingar</b>	<b>2010</b>	<b>2009</b>
Veltufé frá rekstri:		
Tekjuafgangur ársins.....	70.809	( 1.338.440)
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<u>70.809</u>	<u>( 1.338.440)</u>
 Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Birgðir, lækkun.....	51.099	( 28.979)
Skammtímakröfur, lækkun.....	541.211	( 517.147)
Viðskiptaskuldir, (lækkun).....	( 1.720.722)	378.649
	<u>( 1.128.412)</u>	<u>( 167.477)</u>
 <b>Handbært fé til reksturs</b>	<u>( 1.057.603)</u>	<u>( 1.505.917)</u>
 <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Breyting á greiðslustöðu við ríkissjóð:		
Framlag ríkissjóðs.....	( 33.145.000)	( 33.890.400)
Greitt úr ríkissjóði.....	34.205.637	35.365.862
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<u>1.060.637</u>	<u>1.475.462</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....	3.034	( 30.456)
 Handbært fé í ársbyrjun .....	<u>15.948</u>	<u>46.404</u>
 <b>Handbært fé í lok ársins</b>	<u>18.981</u>	<u>15.948</u>

# SKÝRINGAR

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum skulu ríkisstofnanir í A-hluta ekki eignfæra varanlega rekstrarfjármuni, heldur gjaldfæra þá á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán eða stofna til skuldbindinga til lengri tíma án sérstakra heimilda. Heimilda hefur verið aflað vegna þeirra langtímaskuldbindinga, sem getið er í þessum ársreikningi.

### 2. Bókhald og fjármál

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

### 3. Skattar

Landspítali greiðir ekki tekjuskatt.

### 4. Skráning tekna

Sértekjur spítalans eru yfirleitt bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Heildarframlag ríkisins er fært í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjáráukalaga.

### 5. Skráning gjalda

Gjöld spítalans eru samkvæmt meginreglu bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok ársins eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi.

### 6. Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði á grundvelli birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

### 7. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur á skuldunauta eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útistandandi kröfum.

### 8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af reiðufé í sjóðum og bankainnstæðum.

### 9. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding þó ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.



## SKÝRINGAR

### 10. Eigið fé:

Ójafnað eigið fé spítalans nemur í lok árs 2.890 m. kr. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2010 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1. janúar 2010 .....	( 2.960.448)
Rekstrarhalli fyrir ríkisframlag .....	( 33.074.191)
Ríkisframlag ársins .....	33.145.000
Tekjuafgangur ársins .....	<u>70.809</u>
	<u>70.809</u>
<b>Ójafnað eigið fé 31. desember 2010</b>	<b>( 2.889.639)</b>

### 11. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

## Sundurliðanir og skýringar

### 12. Starfspáttagreining:

Samkvæmt stjórnskipulagi sjúkrahússins árið 2010 skiptist það í 14 aðskildar rekstrareiningar. Viðhalds- og stofnkostnaður, tækjakaup og innkaupakostnaður vegna S-merktra lyfja er meðtalin í kostnaði utan sviða. Kostnaður rekstrareininga spítalans árið 2010 greinist sem hér segir:

	2010	2009
Yfirstjórn.....	299.101	338.525
Mannauðssvið.....	269.956	292.111
Fjármálasvið.....	578.747	634.407
Eignasvið.....	3.773.281	4.329.993
Vísinda-, mennta og gæðasvið.....	313.751	319.162
Lyflækningasvið.....	8.683.201	9.183.774
Skurðlækningasvið.....	8.017.020	8.409.793
Geðsvið.....	3.020.280	3.116.838
Kvenna- og barnasvið.....	3.163.906	3.483.517
Rannsóknarsvið.....	3.605.983	3.976.687
Bráðasvið.....	1.911.541	1.915.247
Apótek.....	323.809	336.104
Klínísk stoðþjónusta framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar.....	1.459.659	1.575.739
	<u>35.420.235</u>	<u>37.911.897</u>
Utan sviða.....	4.609.421	4.415.723
<b>Samtals</b>	<b><u>40.029.656</u></b>	<b><u>42.327.620</u></b>

## SKÝRINGAR

### 13. Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma. Tekjur af þessari þjónustu lækka frá árinu 2009 um 2,3%.

	2010	2009
Rannsóknir.....	1.104.377	1.219.022
Komur á göngudeildir og bráðadeildir .....	525.495	498.252
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum.....	211.189	159.957
Sérfræðþjónusta, önnur.....	340.136	349.363
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta.....	163.090	174.039
<b>Samtals</b>	<b>2.344.287</b>	<b>2.400.633</b>

### 14. Aðrar tekjur:

Aðrar tekjur spítalans samanstanda af ýmsum tekjuliðum, öðrum en tekjum af eiginlegri heilbrigðisþjónustu. Þessi liður lækkar um 13,0% á milli ára og stafar lækkunin helst af breyttum rekstri á mótuneyti starfsmanna sem nú er rekið af verktaka en var áður á vegum LSH.

Selt fæði.....	38.512	131.014
Rannsókn- og þróunarverkefni.....	102.467	125.117
Önnur seld þjónusta.....	91.033	109.196
Framlög opinberra aðila.....	330.780	354.458
Framlög og gjafir.....	116.842	48.271
Vörusala.....	84.243	68.181
Leigutekjur.....	86.850	99.359
Aðrar tekjur.....	116.025	176.132
<b>Samtals</b>	<b>966.752</b>	<b>1.111.728</b>

### 15. S-merkt lyf:

Í ársbyrjun 2009 yfirtóku Sjúkratryggingar Íslands ábyrgð á S-merktum lyfjum sjúklinga. Landspítali annast þó innkaup lyfjanna en gerir endurkröfu með tekjureikningum á SÍ.

S-merkt lyf, sala til SÍ án vsk og álagningar .....	3.542.470	3.600.299
S-merkt lyf, álagning .....	80.615	81.538
S-merkt lyf, vörunotkun .....	(3.542.595)	(3.600.434)
<b>Samtals</b>	<b>80.490</b>	<b>81.403</b>

### 16. Laun og launatengd gjöld:

Launagjöld Landspítala lækka um 4,5% frá fyrra ári.

Dagvinnulaun.....	14.972.338	15.680.611
Yfirvinna.....	1.690.674	2.244.660
Álagsgreiðslur.....	3.333.114	3.550.423
Önnur laun.....	513.156	511.618
Launatengd gjöld.....	4.985.192	4.713.740
<b>Samtals</b>	<b>25.494.474</b>	<b>26.701.052</b>

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 3.648 að meðaltali á árinu 2010, en þau voru til samanburðar 3.899 á árinu 2009. Fækkun hefur því orðið á stöðugildum á árinu. Á árinu 2010 voru 4.509 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 4.863 á árinu 2009. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

### 17. Vörunotkun:

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Kostnaður vegna vörunotkunar lækkar um 10% á milli ára. Í skýringu nr. 24 má sjá vörubirgðir í lok árana 2010 og 2009.

	<b>2010</b>	<b>2009</b>
Lækninga- og hjúkrunarvörur .....	2.743.636	2.896.311
Lyf .....	1.350.321	1.451.479
Rannsóknvörur.....	709.736	890.039
	<u>4.803.693</u>	<u>5.237.829</u>
Matvæli.....	442.863	560.385
Orkugjafir.....	247.444	256.030
Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur.....	182.063	220.294
Byggingavörur.....	77.314	110.803
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur.....	140.859	155.860
	<u>1.090.543</u>	<u>1.303.372</u>
<b>Samtals</b>	<u>5.894.236</u>	<u>6.541.201</u>

### 18. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld:

Aðkeypt þjónusta og leigugjöld nema samtals 2.882 m. kr. á árinu 2010. Þessi liður lækkar um 16,6% milli ára. Stærstu kostnaðarliðirnir eru ýmis konar aðkeypt sérfræðiþjónusta og verkkaup auk leigu- og leyfisgjalda.

Sérfræðiþjónusta.....	990.659	1.210.365
Verkkaup.....	759.437	778.052
Leigu- og afnotagjöld.....	482.210	740.525
Ferðir, fundir, risna o.fl. ....	236.548	267.003
Aðkeyptur akstur.....	226.500	273.037
Flutningaþjónusta.....	85.946	84.953
Annað.....	100.843	100.671
	<u>2.882.143</u>	<u>3.454.606</u>
<b>Samtals</b>	<u>2.882.143</u>	<u>3.454.606</u>

### 19. Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samanstendur meðal annars af fasteignagjöldum og öðrum opinberum gjöldum, framlögum til rannsókna og kaupum á ýmsum búnaði og minniháttar tækjum. Kostnaðurinn hækkar um 1,7% milli ára.

	2010	2009
Opinber gjöld og tryggingar.....	375.160	383.380
Framlag til rannsókna.....	173.145	106.894
Tæki, áhöld, varahlutir.....	316.442	411.372
Ýmis óreglulegur kostnaður.....	163.101	108.921
<b>Samtals</b>	<b>1.027.848</b>	<b>1.010.567</b>

### 20. Stofnkostnaður og endurbætur:

Stofnkostnaður spítalans felur m.a. í sér nýkaup á margs konar tækjabúnaði og á fasteignum, ásamt endurbótum á húseignum og lóðum.

Tækjakaup.....	697.709	750.688
Endurnýjun SLYSA- og bráðamóttaka.....	130.528	20.961
Viðbygging SLYSA- og bráðamóttaka.....	55.049	13.750
Dauðhreinsun, Tunguháls.....	85.469	6.604
BUGL - endurinnrétting.....	61.286	22.546
Endurnýjun, A-4.....	45.383	22.249
Hringurinn sölubúð.....	9.955	16.258
Endurinnrétting, hús 14.....	4.727	14.122
Endurnýjun gamla Blóðbankans.....	45.404	0
Ritaramiðstöð.....	11.685	0
Hringbraut, 10W/10B.....	9.450	0
Röntgenstofur.....	8.823	0
Fossvogur, A-2.....	6.586	0
Endurnýjun 22A.....	0	76.266
Viðbygging gjörgæslu.....	0	64.689
Rjóður stækkun.....	0	7.486
Annað.....	16.307	4.143
<b>Samtals</b>	<b>1.188.361</b>	<b>1.019.761</b>

### 21. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur spítalans eru einkum af kröfum á skuldunauta. Þær kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í árslok vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu, sbr. skýringu nr. 26.

Vaxtatekjur.....	70.043	110.515
Gengismunur.....	541	3.279
Vaxtagjöld.....	( 49.242)	( 209.211)
<b>Samtals</b>	<b>21.342</b>	<b>( 95.417)</b>

### 22. Fjárheimildir og rekstur:

Á fjárlögum ársins 2010 voru Landspítala ætlaðar 32.972,1 m. kr. í ríkisframlag. Með launabótum, millifærslum og fjárukaalögum 2010 hækkuðu fjárheimildir vegna rekstrar ársins um 172,9 m. kr. Fjárheimildir Landspítala á árinu 2010 voru því samtals 33.145,0 m. kr.

	Fjárlög	Fjár-heimildir	Árs-reikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld.....	( 26.182.200)	( 25.591.018)	( 25.494.474)	96.544
Önnur rekstrargjöld og vextir.....	( 8.935.400)	( 13.373.389)	( 9.782.885)	3.590.504
Stofnkostnaður og endurbætur.....	( 818.000)	( 850.458)	( 1.188.361)	( 337.903)
Sértekjur.....	2.963.500	6.669.865	3.391.529	( 3.278.336)
<b>Samtals</b>	<b>( 32.972.100)</b>	<b>( 33.145.000)</b>	<b>( 33.074.191)</b>	<b>70.809</b>

### 23. Hlutabréf:

Hlutfjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf.

### 24. Vörubirgðir:

Bókfært verðmæti vörubirgða spítalans lækkar um 8,8% milli ára 2009 og 2010. Birgðir í árslok 2010 eru metnar á kostnaðarverði, eftir 7,5% niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

	31.12.2010	31.12.2009
Lækninga- og hjúkrunarvörur.....	156.594	178.233
Lyf.....	78.863	83.294
Rannsókn- og röntgenvörur.....	240.743	271.161
Rekstrarvörur.....	40.424	29.383
Matvæli.....	11.584	17.236
<b>Samtals</b>	<b>528.208</b>	<b>579.307</b>

### 25. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur eru einkum vegna seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útstandandi kröfur spítalans á helstu flokka skuldunauta í árslok.

	2010	2009
Heilbrigðisstofnanir.....	125.436	877.684
Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingar Íslands.....	510.587	216.243
Einstaklingar.....	407.475	350.579
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir.....	196.436	363.782
Aðrar kröfur.....	67.480	109.592
<b>Kröfur samtals</b>	<b>1.307.414</b>	<b>1.917.880</b>
Niðurfærsla krafna.....	(149.190)	(218.445)
	<b>1.158.224</b>	<b>1.699.435</b>

### 26. Niðurfærsla viðskiptakrafna:

Viðskiptakröfur spítalans í árslok eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í árslok og breyting hans á árinu er sem hér segir:

	2010
Niðurfærslureikningur 1. janúar 2010.....	218.445
Gjaldfærðar afskrifaðar tapaðar kröfur 2010.....	( 192.927)
Framlag í niðurfærslureikning 2010.....	123.672
Niðurfærslureikningur 31. desember 2010.....	<b>149.190</b>

## 27. Ríkissjóður:

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlags og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Í árslok nam skuld spítalans við ríkissjóð rúmum 2.537 m. kr. Staða og hreyfingar í þessum viðskiptum við ríkissjóð voru sem hér segir:

Staða 1. janúar 2010 .....	(1.476.965)
Ríkisframlag .....	33.145.000
Móttæknar greiðslur .....	(34.205.637)
Staða 31. desember 2010 .....	<u>( 2.537.602)</u>

## 28. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru að stórum hluta vegna lyfjakaupa og annarra vörukaupa frá birgjum.

## 29. Fimm ára rekstraryfirlit:

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2006-2010. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

### Yfirlit yfir rekstur og efnahag árunum 2006-2010, á verðlagi hvers árs:

Fjárhæðir í millj.kr.

	2010	2009	2008	2007	2006
<b>Rekstur</b>					
Tekjur.....	3.392	3.594	2.953	2.867	2.327
Gjöld.....	( 35.277)	( 37.803)	( 39.539)	( 34.987)	( 31.644)
Stofnkostnaður og eignakaup.....	( 1.188)	( 1.020)	( 999)	( 844)	( 556)
Gjöld umfram tekjur	( 33.074)	( 35.229)	( 37.585)	( 32.964)	( 29.873)
Ríkisframlag samtals.....	33.145	33.890	36.399	33.305	29.583
Tekjuafgangur (halli) ársins	71	( 1.338)	( 1.186)	341	( 290)
<b>Efnahagur</b>					
Áhættufjármunir.....	3	3	3	3	3
Veltufjármunir.....	1.705	2.294	1.779	1.655	1.375
Eignir samtals	1.708	2.297	1.782	1.658	1.378
Höfuðstóll.....	( 2.890)	( 2.960)	( 1.622)	( 436)	( 777)
Annað eigið fé.....	180	180	180	180	180
Skammtímaskuldir.....	4.417	5.077	3.223	1.914	1.975
Eigið fé og skuldir samtals	1.708	2.297	1.782	1.658	1.378

## 30. Sérsjóðir:

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sérsjóðum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu, reglubundna skráningu gjaldareikninga í fjárhagsbókhald og tekjuskráningu, auk launabókhalds.

Þessa sérsjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

### Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 68 sjóðir. Þeirra á meðal má nefna Landspítalasjóð Íslands, Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg og Tækjakaupasjóð barnasviðs. Bankareikningar sem tilheyra þessum sjóðum eru samtals 55 og innstæða í árslok 2010 nam samtals 368,0 m. kr.

### Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmargir einstaklingar eru skráðir fyrir sérsjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara sjóða er 192. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum þúsundum króna til 27 m.kr. Samtals voru innstæður á þessum reikningum í árslok 2010 um 521,3 m. kr.

### 31. Eignir utan efnahagsreiknings:

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir Landspítala eru ekki eignfærðir í efnahagsreikningi, sem er í samræmi við ákvæði um A-hluta stofnanir í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í árslok 2010.

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut.....	9.845.834	14.145.865
Fossvogur.....	4.343.585	6.893.070
Landakot.....	1.207.790	1.805.200
Kópavogur.....	1.025.590	961.550
Kleppur.....	1.618.555	1.308.991
Vífilsstaðir.....	646.898	1.140.607
Grensás.....	574.756	970.950
Arnarholt.....	170.152	486.290
Tunguháls.....	367.000	460.750
Sogn.....	72.150	262.300
Sumarhús starfsmanna.....	123.196	190.572
Aðrar eignir.....	1.669.052	2.139.854
<b>Samtals</b>	<b>21.664.558</b>	<b>30.765.999</b>

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir LSH utan efnahagsreiknings eru fyrst og fremst ýmis konar tæki og háþróaður búnaður, sem tengist starfsemi spítalans. Í skýringu nr. 32 má til hliðsjónar sjá þær skuldbindingar sem hvíla á LSH í árslok vegna kaupa á margs konar tækjabúnaði. Haldin er eignaskrá í samræmi við ákvæði laga.

### 32. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

#### Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

Óúttekið áunnið orlof starfsmanna fyrir tímabilið maí til desember 2010 hefur verið reiknað sérstaklega, en er ekki fært í ársreikninginn samkvæmt reikningsskilavenjum hjá ríkisstofnunum. Sama á við um sérstakan frítökurétt starfsmanna spítalans. Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir skuldbindingum spítalans vegna áunnins orlofs og annarra réttinda starfsmanna til frítöku í árslok 2010. Þessar skuldbindingar eru reiknaðar að meðtöldum launatengdum gjöldum.

	31.12.2010	31.12.2009
Sumarorlof.....	1.910.434	2.143.722
Hvildartímafrí.....	656.914	485.693
Vaktafrí og annar áunninn frítími.....	219.464	207.989
	<b>2.786.812</b>	<b>2.837.404</b>

#### Samningar

Sjúkrahúsið hefur gert eignaleigu- og rekstrarleigusamninga vegna fjármögnunar á kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum en eftirstöðvar þeirra skuldbindinga eru ekki færðar í reikningsskilin. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Eigna- eða rekstrarleigusamningar eru í flestum tilvikum

gerðir í erlendri mynt og því er talsverð gengisáhætta samfara þessum skuldbindingum. Auk þessara fjármögnunarsamninga hefur spítalinn gert margs konar skuldbindandi hugbúnaðar- og þjónustusamninga vegna upplýsingakerfa. Gerð er grein fyrir helstu flokkum þessara skuldbindinga á núvirði og greiðslubyrði vegna þeirra næstu þrjú árin í meðfylgjandi yfirliti.

	Skuldbinding	Til greiðslu		
	31.12.2010	2011	2012	2013
Tölvubúnaður .....	130.017	47.473	44.211	44.211
Lækningatæki og annar tækjabúnaður ..	886.936	257.324	205.631	106.993
Samtals vegna tækja	1.016.953	304.797	249.842	151.204
Hugbúnaðar- og þjónustusamningar .....	837.208	222.220	220.868	220.868
<b>Samtals</b>	<b>1.854.161</b>	<b>527.017</b>	<b>470.710</b>	<b>372.072</b>

### *Húsaleiga*

Landspítalinn hefur gert nokkra húsaleigusamninga við leigusala, með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa næstu þrjú árin nema 732,9 m. kr. í árslok 2010.









LANDSPÍTALI

LANDSPÍTALI



LANDSPÍTALI  
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS